

Framboð Jóhanns Sveins Sigurleifssonar til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ég býð mig fram til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins. Ég hef yfir 15 ára reynslu af stjórnunarstörfum, samningagerð, lögfræðilegum verkefnum og stefnumótun.

Ég hef starfað í stjórnendastöðum innan fjarskipta- og innviðageirans og tekið virkan þátt í stefnumótun, samningaviðræðum og lögfræðilegri greiningu við umfangsmikil verkefni og breytingar á rekstri. Þá hef ég starfað sjálfstætt í gegnum ráðgjafarfélag mitt, Ankh ehf., og aðstoðað fyrirtæki við stefnumótun, samninga og rekstrarþróun auk ráðgjafar í ferlastjórnun og breytingum.

Menntun mín sameinar viðskiptalögfræði, markaðsfræði og stjórnunarfræði. Ég er með BS í viðskiptalögfræði, hef lokið öllum námskeiðum til MS í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum og útskrifast með MBA gráðu frá Háskóla Íslands í júní næstkomandi.

Ég tel lífeyrissjóði gegna lykilhlutverki í réttindum einstaklinga og ábyrgri fjármálastjórnun í samfélaginu. Ef sjóðsfélagar treysta mér til stjórnarstarfa mun ég leggja áherslu á traust, gagnsæi og ábyrga hagsmunagæslu allra sjóðsfélaga.

Jóhann Sveinn Sigurleifsson

